

## 4. gr.

Gjaldskráin er miðuð við kaupgjaldsvisitöluna 100 frá 1. júlí 1970, og háð sömu breytingum og hún.

## 5. gr.

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu frá 1. október til 31. marz, og skal vera  $\frac{1}{3}$  hærri samkvæmt 1. grein, en óbreytt varðandi 2. og 3. grein.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 28. júlí 1972.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

8. ágúst 1972.

Nr. 217.

## G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Ísafjarðar.

### Vatnsskattur.

## 1. gr.

Fyrir vatnsnotkun skal greiða árlega vatnsskatt af öllum húsum í lögsagnar-umdæmi Ísafjarðarkaupstaðar, sem vatn fá úr vatnsveitu bæjarins.

## 2. gr.

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá Vatnsveitu Ísafjarðar, skal greiða tengigjald kr. 6.00 á hvern m<sup>3</sup> húss allt að 2000 m<sup>3</sup> stærð, en kr. 4.00 á hvern m<sup>3</sup>, sem þar er umfram.

Tengigjald skal greiðast að fullu, áður en tenging fer fram.

## 3. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hvernar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóða samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.15 — 1½% af framangreindu mati.

Lágmarks upphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1000.00.

Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

### Aukavatnsskattur.

## 4. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 2. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðapvottastöðvar, svo og aðrir sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.

**5. gr.**

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 2.00 fyrir hvern teningsmetra vatns.

**6. gr.**

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli kr. 500.00.

**7. gr.**

Vatnsveitan ákveður verð, skilmála og tilhögun á vatnssölu til skipa í samráði við hafnarnefnd.

**8. gr.**

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

**Með ábyrgð á greiðslu og fleira.****9. gr.**

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsskatts vegna atvinnurekstrar.

Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skipa.

Vatnsskattur greiðist á skrifstofu bæjarstjóra.

Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

**10. gr.**

Vatnsskatt og önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki.

Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Ísafjarðar nr. 88 24. apríl 1970.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1972.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**REGLUGERÐ****fyrir Vatnsveitu Ísafjarðar.****1. gr.**

Reglugerðin gildir um allt lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

**2. gr.**

Bæjarráð Ísafjarðar fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign kaupstaðarins. Forstöðumaður tæknideildar annast rekstur vatnsveitunnar, í samráði við bæjarráð og bæjarstjóra, eftir því sem ástæður þykja til.